

Að öðru leyti en segir í fyrri málslið þessarar greinar er úr gildi numin reglugerð nr. 175/1951, um menntaskóla, svo og reglugerð nr. 203/1964, um stúdentspróf utanskóla, og reglur um stúdentspróf í áföngum, sbr. bréf menntamálaráðuneytisins nr. 144 5. desember 1946.

Ákvæði til bráðabirgða:

Fulltrúar nemenda í skólaráð samkvæmt 63 gr. skulu í fyrsta sinn kjörnir eftir þeim reglum, sem nú gilda um kjör trúnaðarmanna nemenda í hverjum skóla.

Menntamálaráðuneytið, 22. janúar 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 251 31. desember 1965 um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu Kópavogskaupstaðar nr. 183 12. desember 1958.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrsta málsgrein 10. gr. reglugerðar nr. 183/1958 orðist svo:

Af hverju húsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveitu kaupstaðarins, skal greiða árlega vatnsskatt til vatnsveitunnar, 3,75% af fasteignamatsverði, þó er lágmarksupphæð skattsins fyrir íbúðarhús kr. 1000.00 af hverri íbúð.

Greinin óbreytt að öðru leyti.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1971.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu Siglufjarðarkaupstaðar nr. 6 20. janúar 1964 og breyting á þeirri reglugerð nr. 117 2. maí 1969.

1. gr.

1. gr. reglugerðar nr. 117 2. maí 1969 orðist svo:

Í stað orðanna í 8. gr.: „Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 2,25% — tveimur og einum fjórða af hundraði — af fasteignamati húsanna“ komi: „Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 3½ — þremur og hálfum af hundraði — af fasteignamati húsanna.“

Lágmarksgjald á íbúð verði kr. 500.00.“